

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphirðu-, flutnings- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 8.971 á íbúð, m.v. 240 l tunnu. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar kr. 12.490 m.v. 240 l tunnu (lágmarkseining á hvern matshluta fasteignar). Gjaldið skal innheimta með álagningu fasteignagjalda.

3. gr.

Leiga 660 lítra kerja er kr. 11.500 með vsk. á ári, kr. 958 á mánuði.

Leiga 1.100 lítra kerja er kr. 12.900 með vsk. á ári, kr. 1.075 á mánuði.

Verð er með virðisaukaskatti og tekur breytingum skv. byggingavísitölu í janúar ár hvert. (Grunnvísitala 225,6 stig).

4. gr.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 2.739 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olfur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.

Fyrir heil dekk greiðast kr. 4.542 fyrir hvern rúmmetra, fyrir skorin dekk kr. 2.272.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 6.848 fyrir tonnið.

Fyrir flokkaðan pappír greiðast kr. 6.350 fyrir tonnið. Skila skal vigtarseðlum frá Hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði. Verði sett upp vikt á starfsvæði Gámu er heimilt að innheimta afgreiðslu og vigtargjald að fjárhæð kr. 477 með virðisaukaskatti við hverja afgreiðslu.

Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 8.516 fyrir tonnið, sé það sorp blandað ópressanlegum úrgangi sem nemur allt að 1/4 hluta farms skal greiða 33% álag, samtals kr. 11.326 fyrir hvert tonn og verði hlutfall ópressanlegs úrgangs það hátt að nota þurfi vélar við flokkun skal greiða 66% álag, samtals kr. 14.136 fyrir hvert tonn, virðisaukaskattur er innifalinn í ofangreindu verði.

5. gr.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 569 á rúmmetra. Innheimta samkvæmt 4., 5. og 6. gr. er með sérstökum reikningi, eindagi 30 dögum eftir útskrift reiknings.

6. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds, þó skal greiða fyrir móttöku ís- og frystiskápa.

7. gr.

Almennir borgarar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

8. gr.

Húseigendum er í upphafi afhent 240 lítra sorptunna án endurgjalds og fyrirtæki eiga kost á 660 lítra og 1100 lítra ílát. Endurnýjun sorpiláta er á kostnað húseigenda.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraness, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum og samþykkt um sorphreinsun á Akranesi nr. 728/1997 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Þannig samþykkt af bæjarstjórn Akraness við síðari umræðu þann 29. maí 2001.
Fyrri umræða fór fram þann 8. maí 2001.

Akranesi, 5. júní 2001.

Gísli Gíslason bæjarstjóri.